

Stöðugur rekstur hjá Landsneti og áframhaldandi uppbygging flutningskerfisins

Rekstur Landsnets var í samræmi við áætlanir á fyrri helmingi ársins, samkvæmt árshlutauppgjöri sem birt var í dag. Hagnaður félagsins nam 20,1 milljón bandaríkjadala, eða tæpum 2,5 milljörðum króna. Tekjur voru 99,8 milljónir dala, eða rúmir 12,3 milljarðar króna.

Uppbygging flutningskerfisins er hagsmunamál samfélagsins

Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets, segir mikilvægt að reksturinn sé stöðugur svo félagið geti haldið áfram uppbyggingu flutningskerfisins. „Landsnet heldur áfram að fjárfesta í uppbyggingu flutningskerfis raforku til að tengja saman orkuvinnslu og eftirspurn um land allt með verðmætasköpun og samkeppnishæfni að leiðarljósi. Á sama tíma er unnið að því að styrkja grunnkerfið sem stuðlar að öryggi og stöðugleika. Þetta er krefjandi verkefni og því er mikilvægt að vinna sameiginlega að framgangi þess,“ segir Ragna.

Hún bendir á að jákvæð skref hafi verið tekin á undanförunum mánuðum. Framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 eru hafnar að nýju og er vonast eftir að hún verði tekin í rekstur fyrir áramót. Línan mun bæta afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum og auka flutningsgetu raforkukerfisins þar sem og til og frá höfuðborgarsvæðinu. „Jafnframt er ánægjulegt að stjórnvöld leggja mikla áherslu á flutningskerfið. Ný þingsályktunartillaga um uppbyggingu flutningskerfisins er í bígengi og í atvinnustefnu Íslands er lögð skýr áhersla á að aðgengi að samkeppnishæfri og endurnýjanlegri raforku sé undirstaða íslensks atvinnulífs og forsenda orkuskipta. Auk þess er ákall frá sveitarfélögum víða um land um aukið orkuöryggi og möguleika til atvinnuuppbyggingar,“ segir Ragna.

Óveruleg áhrif af bilun hjá Norðuráli

Bilun sem kom upp í álveri Norðuráls á Grundartanga í október 2025 hafði takmörkuð áhrif á afkomu Landsnets á fyrri hluta þessa árs. Bilunin leiddi til þess að framleiðsla álversins dróst verulega saman og þar með raforkuflutningur til þess.

Óvissa ríkti um áhrif bilunarinnar á rekstur Landsnets þar sem ekki lá fyrir hvenær álverið næði aftur fullum afköstum. Samkvæmt flutningssamningi milli Landsnets og Norðuráls greiðir álverið fyrir 85% umsamins afls og orku óháð raunnotkun. Í apríl hóf Norðurál að keyra ker sín upp á ný og í lok júní var raforkunotkun álversins yfir lágmarki umsaminnar afl- og orkuþarfar. Gert er ráð fyrir að notkunin aukist áfram út árið. Af þeim sökum hafa áhrif bilunarinnar á afkomu Landsnets reynst óveruleg.

Jarðstrengur til Dalvíkur tekinn í notkun

Fjárfestingar Landsnets á fyrstu sex mánuðum ársins námu 54 milljónum dala, eða rúmum 6,6 milljörðum króna. Tengivirki í Korpu hefur verið endurnýjað og tengivirki á Njarðvíkurheiði á Reykjanesi tekið í rekstur. Jafnframt var ný jarðstrengstenging vegna uppbyggingar landeldis í Þorlákshöfn spennusett. Í sumari var síðan tekinn í rekstur 42 kílómetra jarðstrengur milli Dalvíkur og Akureyrar. Þá er unnið er að tengingu nýs vindorkuvers við Vaðöldu og einnig framkvæmdir á sunnanverðum Vestfjörðum.

Afkoma í takti við fyrri ár

Afkoma á fyrri helmingi ársins var í samræmi við áætlanir og var hærri en á sama tíma árið 2025, en það ár hafði endurgreiðsla gjalds á innmötun í flutningskerfið áhrif á rekstrarniðurstöðu. Afkoman var jafnframt sambærileg við fyrri hluta ársins 2024. Á tímabilinu gaf Landsnet út skuldabréf að fjárhæð 100 milljónir dala, eða um 12,6 milljarðar króna, á bandaríska einkafjármögnunarmarkaðnum (USPP). Útgáfan skiptist í þrjá flokka og voru tveir þeirra greiddir á tímabilinu. Bæði nýir og eldri lánveitendur koma að fjármögnuninni.

Helstu atriði árshlutareiknings:

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 20,1 m. USD (2.487 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2026 samanborið við 11,5 m. USD (1.427 millj.kr) á sama tímabili árið 2025. Rekstrartekjur námu 99,8 m. USD (12.344 millj.kr) samanborið við 91,8 m. USD (11.352 millj.kr) á sama tímabili árið 2025. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 36,3 m. USD (4.485 millj.kr) samanborið við 28,0 m. USD (3.465 millj.kr) árið áður.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 1.418,0 m. USD (179.201 millj.kr) samanborið við 1.371,6 m. USD (173.342 millj.kr) í lok árs 2025. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 755,2 m. USD (95.445 millj.kr) samanborið við 706,1 m. USD (89.242 millj.kr) í lok árs 2025. Eigið fé í lok tímabilsins nam 662,7 m USD (83.756 millj.kr) samanborið við USD 665,5m USD (84.100 millj.kr) í lok árs 2025.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur

Fjárhæðir eru í þús. USD	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	99.772	91.757	92.394	84.082
Rekstrargjöld	(63.520)	(63.753)	(57.449)	(54.187)
Rekstrarhagnaður	36.252	28.004	34.945	29.895
Hrein fjármagnsgjöld	(10.975)	(13.533)	(8.255)	(11.463)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélags	(122)	(40)	(28)	165
Hagnaður fyrir tekjuskatt	25.155	14.431	26.662	18.597
Tekjuskattur	(5.055)	(2.898)	(5.582)	(3.690)
Hagnaður	20.100	11.533	21.080	14.907

Fjárhæðir eru í þús. USD	30.6.2026	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	1.317.537	1.284.254	1.121.817	1.027.814
Veltufjármunir	100.416	87.340	114.349	85.760
Eignir samtals	1.417.953	1.371.594	1.236.166	1.113.574
Eigið fé	662.730	665.453	574.944	507.500
Langtímaskuldir	572.281	580.614	603.445	542.538
Skammtímaskuldir	182.942	125.527	57.777	63.536
Eigið fé og skuldir samtals	1.417.953	1.371.594	1.236.166	1.113.574

Fjárhæðir eru í þús. USD	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	25.689	28.233	45.137	39.433
Fjárfestingahreyfingar	(54.232)	(54.112)	(30.134)	(26.555)
Fjármögnunarahreyfingar	35.391	(8.745)	9.432	12.202
Áhrif gengisbreytinga	(176)	4.556	(199)	1.356
Handbært fé í ársbyrjun	48.877	78.842	54.324	26.325
Handbært fé í lok tímabils	55.549	48.774	78.560	52.761

Fjárhæðir eru í þús. USD	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023
Helstu kennitölur				
EBITDA	57.524	46.943	53.286	47.816
Eiginfjárhlutfall	46,7%	48,5%	46,5%	45,6%

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsneti, sími 563-9300 eða á netfanginu gudlaugs@landsnet.is

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.

Fjárhæðirnar sem sýndar eru í íslenskum krónum eru umreiknaðar með gengi bandaríkjadal gagnvart íslensku krónunni samkvæmt Seðlabanka Íslands, rekstrarliðir eru umreiknaðir með meðalgengi tímabilsins 123,72 en efnahagsliðir eru umreiknaðir með gengi 30.6.2026 126,38.